

lausafé skattskyldur, ef það hefur verið skemur en 3 ár í eigu skattgreiðanda, en það ákvæði kemur ekki til álita í þessu máli, þar sem óumdeilt er, að bifreiðar þær, sem mál þetta er risið af, hafa allar verið 3 ár eða lengur í eigu gerðarþola.

Þessar síðast röktu málsástæður umboðsmanns gerðarbeiðanda fá því eigi heldur staðizt og verða ekki teknar til greina.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. nóvember 1949.

Nr. 137/1947. **Jón Bjarnason** (Magnús Thorlacius)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Einar B. Guðmundsson),

Sakadómaranum í Reykjavík og

Þórði Björnssyni (Ragnar Jónsson).

**Setudómarar Einar Arnalds borgar-
dómari og Theodór B. Lindal hrl. í
stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.**

Synjað um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Stefnandi, Jón Bjarnason símritari, Njarðargötu 5 í Reykjavík, hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 28/1893, sbr. 32. gr. laga nr. 112/1935, höfðað mál þetta fyrir Hæstarétti með stefnu 12. des. 1947 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu fébóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, kr. 5000,00, með 6% ársvöxtum frá 12. des. 1947 til greiðsludags svo og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfilegra málssóknarlauna til talsmanns stefnanda. Þá hefur stefnandi og stefnt Þórði Björnssyni, fulltrúa saka-dómara, til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur gert á hend-

ur honum. Að tilhlutan stefnanda hefur sakadómarinn í Reykjavík haft fyrirsvor í Hæstarétti, án þess að kröfur væru gerðar á hendur honum eða af hans hendi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefst *adallega* sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnda, Þórðar Björnssonar, hefur verið krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 28. ágúst 1943 fékk váttryggingarfélagið Almennar tryggingar h/f. Reykjavík, símskeyti frá endurtryggjendum sínum, félaginu Alliance Assurance í London. Í því segir m. a., að mesta áhætta í brunatryggingum, sem Almennar tryggingar h/f geti tekið að sér eftir samningi þess við endurtryggingarfélagið, sé kr. 300.000.00 að meðtalinni þeirri áhættu, sem íslenzka félagið taki sjálft. Almennar tryggingar h/f fór með samning þennan sem viðskiptaleyndarmál, en nokkrum tíma eftir viðtöku skeytisins kvað skrifstofustjóri félagsins, Hallgrímur Sveinsson, Sigfús Sighvatsson forstjóra, sem einnig rekur váttryggingarstarfsemi, hafa tjáð sér í samtali, að honum væri kunnugt um efni sammingsins, að því er varðaði fyrrgreinda hámarksfjárhæð, kr. 300.000.00. Þessa skýrslu sína staðfesti skrifstofustjórinn síðar fyrir dómi. Sigfús Sighvatsson hefur fyrir dómi kannazt við samtalið, en hins vegar neitað því að hafa viðhaft þau ummæli, sem Hallgrímur hafði eftir honum, enda verið ókunnugt um framangreint atriði.

Hinn 27. júní 1944 leitaði Samband vefnaðarvöruinnflytjenda tilboða hjá váttryggingarfélagum í Reykjavík í sjó- og stríðstryggingar á vörum þeim, er það flytti inn frá Ameríku. Nokkur tilboð komu frá váttryggingarfélagum í Reykjavík og umboðsmönnum erlendra félaga, þar á meðal frá váttryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar, og var það lægst. Þegar til átti að taka, afturkallaði Sigfús Sighvatsson tilboð sitt og kvað það hafa orðið of lágt af misgáningi. Af þessu drógu forstöðumenn Almennra trygginga h/f þá ályktun, að Sigfúsi Sighvatssyni hefði verið kunnugt um tilboð annarra aðilja og hefði gert sitt tilboð í trausti þess, að hann

gæti fengið umbjóðendur sína erlendis til að fallast á tilboðið, en það hafi brugðizt.

Forráðamenn Almennra trygginga h/f töldu öll líkindi vera til þess, að Sigfúsi Sighvatssyni hefði borizt vitneskja um framangreind atriði frá kærða, sem var fastráðinn símritari hjá póst- og símamálastjórninni, en starfaði jafnframt á váttryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar og safnaði tilboðum í váttryggingar fyrir hans hönd. Leituðu Almennar tryggingar h/f aðstoðar Verzlunarráðs Íslands út af þessu málefni, en það ritaði póst- og símamálastjóra bréf hinn 2. okt. 1946, tjáði honum málavexti og óskaði rannsóknar á því, hvort kærði hefði í nefndum tilfellum rofið þagnar-skyldu, er honum sem símrítara bar að gæta. Jafnframt benti verzlunarráðið á það, að kærði væri samkvæmt tilkynningu í Lögbirtingablaði frá 2. jan. 1946 meðeigandi og meðstjórnandi í heildsölufirmanu Davíð S. Jónsson & Co., en slíkt bryti í bág við 4. gr. laga nr. 52/1925, nema fyrir lægi úrskurður ráðherra.

Póst- og símamálastjóri sendi kærubréf Verzlunarráðs Íslands til sakadómara með bréfi 7. okt. 1946 og æskti ýtarlegrar rannsóknar. Í bréfinu er því lýst, að póst- og símamálastjórninni hafi til þessa verið ókunnugt um, að kærði væri starfsmaður váttryggingarfirma og stjórnarmeðlimur í heildverzlun, enda hafi hann ekki sótt um leyfi til þess.

Réttarrannsókn út af framangreindri kæru var haldin hinn 9. og 10. okt. 1946. Var þá tekin skýrsla af forstjóra og skrifstofustjóra Almennra trygginga h/f, en ekki var kærði þá kvaddur fyrir dóm til yfirheyrslu. Eftir það lá rannsókn niðri til 15. jan. 1947. Á þeim tíma eða nánar til tekið 8. jan. 1947 sendu Almennar tryggingar h/f sakadómara kæru um eitt atriði í viðbót. Kvaðst félagið hinn 27. des. 1946 hafa sent símskeyti til endurtryggjenda sinna í London um endurtryggingu á v/s Eldborgu, þar sem iðgjaldið var ákveðið 7.50%, og hafi endurtryggingarfélagið samþykkt þetta í símskeyti 31. des. 1946. Nú hafi framkvæmdastjóri félags þess, sem var eigandi v/s Eldborgar, tjáð Almennum tryggingum h/f, að stefnandi hafi kvatt hann til viðtals í síma, tjáð sig vera umboðsmann váttryggingarskrifstofu Sigfúsar

Sighvatssonar og boðið honum að taka skipið í tryggingu fyrir 0.25% lægra iðgjald en Almennar tryggingar h/f hefðu boðið, en það iðgjald hafi hann sagzt vita um.

Hinn 15. jan. 1947 hófst réttarrannsókn að nýju, og var kærði þá úrskurðaður í gæzluvarðhald með þeim rökstuðningi, að grunur hvíldi á honum um brot gegn 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Rannsókn málsins var síðan haldið áfram dagana 16. og 17. janúar, en síðarnefndan dag var kærði leystur úr gæzluvarðhaldinu. Prófum í málinu var hætt 24. jan. 1947 og endurrit af réttarrannsókninni síðan send dómsmálaráðuneytinu, en í bréfi þess til saka-dómara 20. marz 1947 tekur það fram, að eftir atvikum þyki ekki næg ástæða til opinberrar málshöfðunar á hendur stefnanda.

Stefnandi hefur jafnan mótmælt því, að hann hafi notfært sér þekkingu eða vitneskju, sem hann hefur fengið í starfi sínu sem símritari, í viðskiptarekstri sínum eða annarra.

Stefnandi var símritari og hafði þar af leiðandi aðstöðu til að öðlast vitneskju um efni símskeyta, er geymdu viðskiptaleyndarmál, þar á meðal skeyta, er fóru á milli íslenzkra váttryggjenda og viðskiptaaðilja þeirra erlendis. Starf hans í þágu einstaks váttryggjanda í samkeppni við aðra váttryggjendur var því vegna framangreindrar aðstöðu hans til vitneskju um viðskiptaleyndarmál keppinautanna ótilhlýðilegt og algerlega ósamrýmanlegt símritarastarfi hans. Hafði hann og færi á að hagnýta sér vitneskju sína, enda þótt hann bryti ekki beinlínis þagnarskyldu. Að vísu hafa ekki verið færðar fullar sönnur á einstakar sakargiftir á hendur stefnanda um brot á þagnarskyldu, en hins vegar brestur algerlega skilyrði til þess að dæma honum bætur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum hans í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00. Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun fyrirsvarsmanns stefnanda, kr. 700.00. Hins vegar þykir ekki ástæða til að dæma Þórði Björnssyni, full-

trúa sakadómara, málskostnað úr hendi stefnda, þar sem honum var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur honum.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað kr. 1500.00. Málflutningsþóknun fyrirsvarmsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1949.

Nr. 103/1947. **Ingólfur S. A. Nielsen** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga

(Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og Valdimar Stefánsson sakadómari í
stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Fébótamál vegna árekstrar bifreiða. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 25. sept. 1947, krefst *aðallega* sýknu, en *til vara* lækkunar á dæmdum fjárhæðum eftir mati réttarins. Enn fremur gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.